



FUNDARGERÐ 497. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 7. maí 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:35. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson, Sævar Birgisson í fjarveru Aldísar Stefánsdóttur, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fjarfund: Sigríður Hulda Jónsdóttir í fjarveru Guðfinns Sigurvinssonar.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Samskipti á milli funda

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri funduðu á Teams til að ræða framtíðarskipulag endurvinnslustöðva.

2. Málefni áhættunefndar – kostnaðarmat kynnt

Svana Helen Björnsdóttir vísar af fundi undir þessum lið.

Á stjórnarfundum Sorpu bs. þann 9. apríl sl. var óskað eftir kynningu á því hver áætlaður kostnaður við áhættunefndina væri.

Í stofnsamþykkt byggðarsamlagsins er tilgreint að taka skuli mið af nefndarlaunum í Reykjavík við ákvörðun um þóknun fyrir stjórnarsetu. Þá segir í grein 5.4.3. í eigandastefnu Sorpu bs. að stjórn skuli tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum og öðrum starfskjörum. Með hliðsjón af ofangreindu þykir rétt að miða við upphæð Reykjavíkurborgar fyrir setu í öðrum nefndum, nánar tiltekið þóknun að upphæð 24.717 kr. fyrir hvern setinn fund en tvöföld greiðsla fyrir formann, enda beri hann ábyrgð á undirbúningi funda.

Sitji starfsmaður Sorpu bs. í áhættunefnd þá er það hluti af starfi viðkomandi starfsmanns og fellur undir heildarlaun starfsmannsins hjá samlaginu. Hins vegar ber að greiða vinnuframlag þeirra nefndarmanna sem ekki eru starfsmenn Sorpu bs.

Einungis formaður nefndarinnar er ekki fastráðinn starfsmaður Sorpu bs. og mun því fá sérstaklega greidda þóknun fyrir setu í nefndinni. Upphæð þóknunar er 49.434 kr. fyrir hvern fund.

Gert er ráð fyrir því að nefndin fundi aðra hvora viku. Að teknu tilliti til sumarleyfa og annarra hátíðisdaga má gera ráð fyrir að fjöldi funda yfir árið verði að hámarki 22. Heildarlaunakostnaður með launatengdum gjöldum er áætlaður 1.304.826 kr. á ári.



Ekki er gert ráð fyrir öðrum kostnaði við störf áhættunefndar.

Stjórn samþykkir ofangreinda þóknun fyrir setu í áhættunefnd.

3. Skipan vinnuhóps um ESA málið og verkefnaáætlun lögð fram til kynningar

Framkvæmdastjóri fer yfir framvindu ESA-málsins og stofnun vinnuhóps. Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður hefur verið skipaður verkefnastjóri yfir vinnuhópnum, sem samanstendur til viðbótar af Halldóri Þorkelssyni rekstrarráðgjafa, og Þórhalli Hákonarsyni, fjármálastjóra SORPU.

Lovísa Jónsdóttir starfsmaður SORPU er ritari hópsins. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á og stýrir úrvinnslu og framkvæmd.

Minnisblað um verkefnið er lagt fram til kynningar.

4. Undirbúningafélag um byggingu brennslu – minnisblað um stöðu máls og næstu skref

Framkvæmdastjóri og samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gera grein fyrir minnisblaði um næstu skref við stofnun undirbúningsfélags um sorpbrennslu. Í minnisblaðinu er lagt til að SORPA komi að undirbúningsfélaginu og leggi því til fjórðung til þriðjung af árlegu rekstrarfé í 2-4 ár ásamt öðrum þátttakendum í félaginu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram viðræðum við aðila á grundvelli minnisblaðsins. Framkvæmdastjóri kynni málið að nýju á næsta fundi stjórnar.

5. Skipulag SORPU – áherslubreytingar kynntar

Framkvæmdastjóri leggur fram til kynningar drög að áherslubreytingum í skipulagi SORPU.

6. Gæða- og umhverfisstefnur SORPU bs. lagðar fram til samþykktar

Gyða Sigríður Björnsdóttir, umhverfisstjóri SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 08:40.

Umhverfisstjóri gerir grein fyrir gæða og umhverfisstefnum, sem eru lagar fram til samþykktar.

Stjórn samþykkir stefnurnar.

7. Grænt bókhald SORPU kynnt

Umhverfisstjóri gerir grein fyrir grænu bókhaldi SORPU.

Stjórn samþykkir grænt bókhald SORPU.

Svana Helen vísar af fundi 09:02.



8. Málafni endurvinnslustöðva – staða verkefna hjá starfshópum

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU, tekur sæti á fundinum 09:05.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu vinnu hjá starfshópum um endurvinnslustöðvar. Vinnu hóps sem vinnur að því að finna staðsetningu fyrir endurvinnslustöð í stað stöðvarinnar við Dalveg seinkar um mánuð og stefnt að skilum á næsta fundi stjórnar.

Vinnu hóps um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva vindur vel fram og gert ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðu í haust.

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva gerir grein fyrir stöðunni við uppbyggingu á endurvinnslustöð við Lambhagaveg.

Guðmundur Tryggvi vísar af fundi klukkan 09:41.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

10. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi umboðsmanns Alþingis vegna skoðunar umboðsmanns á birtingu gjaldskrá SORPU í B-deild Stjórnartíðinda.

Úrvinnslusjóður hafnaði erindi SORPU um að greiða aukalega vegna aukins kostnaðar vegna aukinnar flokkunar á drykkjarfernum. Kostnaðurinn nemur um 30 milljónum króna á ári.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 4. júní klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:00.

2023

Umhverfisskýrsla





SORPA byggðasamlag

Sveitarfélögin sex á höfuðborgarsvæðinu eru eigendur byggðasamlagsins, sem hefur það hlutverk samkvæmt stofnsamningi að annast meðhöndlun úrgangs samanber lög nr. 55/2003 fyrir sveitarfélögin. SORPA tryggir íbúum og fyrirtækjum móttöku úrgangs og kemur úrganginum í viðeigandi farveg.

Eignarhlutfall í SORPU miðað við íbúafjöldatölur Hagstofu 26. október 2023¹ var sem hér segir: Reykjavík (56,6%), Kópavogur (16,0%), Hafnarfjörður (12,4%), Garðabær (7,7%), Mosfellsbær (5,4%) og Seltjarnarnes (1,9%). Heildaríbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu var 252.110 og heimili 101.259 samkvæmt Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

¹ Að jafnaði er miðað við mannfjöldatölur fjórða ársfjórðungs hjá Hagstofunni en að þær hafa ekki verið útgefnar þegar þetta er skrifað.

Starfsleyfi SORPU

Gildistími starfsleyfis SORPU fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi er til 23. maí 2035.
Starfsleyfi fyrir móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi gildir til 19. febrúar 2025.
Starfsleyfi fyrir GAJA, gas- og jarðgerðarstöðina í Álfsnesi gildir til 20. október 2036.

Móttökustöð SORPU í Gufunesi

Starfsleyfisveitandi: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
Eftirlitsaðili: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Urðunarstaður í Álfsnesi

Starfsleyfisveitandi: Umhverfisstofnun.
Eftirlitsaðili: Umhverfisstofnun.

GAJA, gas- og jarðgerðarstöðin í Álfsnesi

Starfsleyfisveitandi: Umhverfisstofnun.
Eftirlitsaðili: Umhverfisstofnun.

Endurvinnslustöðvar SORPU

Starfsleyfisveitandi: Heilbrigðisnefnd/eftirlit viðkomandi sveitarfélags.
Eftirlitsaðili: Heilbrigðisnefnd/eftirlit viðkomandi sveitarfélags.

Fyrirtækjaflokkur

Fyrirtækið starfar á sviði úrgangsmeðhöndlunar og fellur undir flokk 5 samkvæmt fylgiskjali reglugerðar: 5.3. „Stöðvar fyrir förgun úrgangs annars en spilliefna sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag“ og 5.4. „Urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða geta afkastað meira í heild en 25.000 tonnum af óvirkum úrgangi“.

Stjórn SORPU skipa, sjá kaflann „um SORPU“ í ársskýrslu.

Bókhaldstímabil

Tímabilið nær yfir allt árið 2023, frá 1. janúar til 31. desember 2023.

Stjórnkerfi SORPU

Stjórnkerfi SORPU er vottað samkvæmt umhverfisstaðlinum ISO 14001. Þýðingarmiklir umhverfisþættir eru skilgreindir fyrir SORPU í heild og eru útfærðir fyrir hverja starfsstöð, ásamt upplýsingum um vöktun og stýringu. Umhverfisþættir sem SORPA hefur eftirlit og stýringu með eru:

- Úrgangur
- Starfsemi
- Gassöfnun og -hreinsun
- Losun mengunarefna í sigvatn, frárennsli og andrúmsloft
- Umhverfisfræðsla

Á árinu var unnið að endurmati á umhverfisstjórnkerfi SORPU með hliðsjón af GRI umhverfisvísunum en þeirri vinnu er ekki að fullu lokið.

Úrgangur


Heildarmagn úrgangs sem berst til SORPU (tonn) er mælikvarði við útreikninga á umhverfisáhrifum fyrirtækisins. Mælaborð SORPU er það stjórnkerfi sem stjórnendur og starfsmenn nota til að fylgjast með úrgangsmagni og meta árangur markmiða á hverjum tíma. Umbótaverkefni SORPU miða öll að því að færa úrgang ofar í úrgangsprihyrningnum, þ.e.a.s. að draga sem mest úr því magni sem fer til förgunar og stuðla að nýtingu þeirra auðlinda sem í honum felast samkvæmt forgangsroðuninni endurnot, endurvinnsla og endurnýting. Ekki aðeins er markmiðið betri nýting auðlinda heldur er það einnig lykilatriði þegar kemur að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi SORPU.

Heildarmagn úrgangs sem barst til SORPU árið 2023 var 156.918 tonn (173.163¹ tonn árið 2022) og var það 9,4% samdráttur frá fyrra ári. Lykil-

1 Í umhverfisskýrslu 2022 var uppgafið heildarmagn úrgangs 188.505 tonn. Í úrgangsfæði SORPU var efni frá GAJA, sem notað var í yfirlag á urðunarstað tvítalið. Er það leiðrétt hér og hefur það áhrif á allar töflur sem miða við umhverfisáhrif á tonn móttækis úrgangs.

Tafla 1. Lykiltölur í umhverfisáhrifum SORPU

| Umhverfisþættir | Eining | 2023 | 2022 | Breyting |
|------------------------------------|------------------------------|------------|------------|----------|
| Heildarmagn úrgangs til SORPU | Tonn | 156.918 | 173.167 | -9,4% |
| Hlutfall úrgangs til endurnýtingar | % | 65,3 | 60,9 | 7,2% |
| Hlutfall úrgangs til urðunar | % | 34,7 | 39,1 | -11,3% |
| Orkunotkun | kWst | 15.671.709 | 12.528.111 | 25,1% |
| Fjöldi ársverka | Ársverk | 150 | 144 | 4,2% |
| Fjöldi íbúa | Íbúar | 252.110 | 247.300 | 1,9% |
| Orkunotkun/tonn | kWst/tonn | 99,9 | 72,3 | 38,0% |
| Losun gróðurhúsalofttegunda | Tonn CO ₂ -ígildi | 95.039 | 107.932 | -11,9% |




Mynd 1. Úrgangsprihyrningurinn

tölur í magni úrgangs til einstakra starfsstöðva og samantekt á magn-tölum heimila má finna í kafla um sjálfbærni í ársskýrslu.

Magn úrgangs, sem fellur til í starfsemi SORPU, er mjög háð breytingum í starfseminni, s.s. framkvæmdum, breytingum á tækjabúnaði o.s.frv.

Úrgangur úr olíugildrum og hreinsiprómi starfsstöðva hefur mest vægi en þær eru hreinsaðar með reglubundnum hætti. Á mynd 2 má sjá skiptingu úrgangs úr olíugildrum/hreinsiprómi eftir starfsstöðvum.



Mynd 2. Úrgangur úr olíugildrum/hreinsiprómi eftir starfsstöðvum.

Í átt að hringrásarhagkerfinu

SORPA vann að mikilvægum umbótaverkefnum árið 2023 en hið umfangsmesta var innleiðing samræmds flokkunarkerfis og sérsöfnun matvæla á höfuðborgarsvæðinu. SORPA hélt utan um innleiðingu verkefnisins, ásamt sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, en það fólst í að koma á sérsöfnun og flokkun heimila á fjórum úrgangsflokkum;

Tafla 2. Magn úrgangs sem fellur til við starfsemi SORPU

| Úrgangstegund | 2023 (kg) | Umhverfisáhrif (kg/ársverk) | 2022 (kg) | Umhverfisáhrif (kg/ársverk) |
|--------------------------------------|----------------|-----------------------------|----------------|-----------------------------|
| Bl. heimilisúrgangur | 2.950 | 19,7 | 10.872 | 75,5 |
| Matarleifar | 406 | 2,7 | - | - |
| Pappír og pappi | 441 | 2,9 | 2.147 | 14,9 |
| Plast | 181 | 1,2 | 1.312 | 9,1 |
| Flöskur og dósir | 143 | 1,0 | 57 | 0,4 |
| Málmar | 23.326 | 155,5 | 8.667 | 60,2 |
| Steinefni | 5 | 0,0 | 24 | 0,2 |
| Textíll | 1 | 0,0 | 2 | 0,0 |
| Rafmagns- og rafeindat. | 47 | 0,3 | 43 | 0,3 |
| Spilliefni | 400 | 2,7 | 1 | 0,0 |
| Grófur úrgangur | 7 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Timbur | 2.650 | 17,7 | 11 | 0,1 |
| Úrgangur úr olíugildrum/hreinsiprómi | 164.120 | 1.094,1 | 129.580 | 899,9 |
| Samtals | 194.677 | 1.297,8 | 152.715 | 1.060,5 |





pappír og pappa, plastumbúðum, matarleifum og blönduðum úrgangi, en aukin flokkun endurvinnsluefna er mikilvægur þáttur í innleiðingu hringrásarhagkerfis.

Með sérsöfnun á matarleifum var stigið stórt skref í samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi en fyrir hvert kíló af lífrænum úrgangi sem fer til gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU, GAJA, er samdráttur í losun upp á 0,79 kg CO₂- ígildi miðað við urðun úrgangs. Er það niðurstaða vistferilsgreiningar sem Efla verkfræðistofa gerði til að meta umhverfis-áhrif af meðhöndlun heimilisúrgangs hjá SORPU.

Auknir endurvinnslumöguleikar plasts

Nýjungar í umhverfisvernd voru þó fleiri og hóf SORPA sem dæmi sérsöfnun á plasti á endurvinnslustöðvum í fjórum flokkum á árinu: plastumbúðum, plastfilmu, hörðu plasti og frauðplasti. Þessi flokkun hefur í för með sér betri endurvinnslumöguleika allra tegundanna. Heildarmagn plasts sem SORPA sendir í endurvinnslu jókst um rúm 80% milli ára. Einnig voru opnuð flokkunartorg fyrir minni úrgangsflokka á öllum endurvinnslustöðvum, svo sem matarolíu, kaffihylki og skyrumbúðir, sem ætlað er að fara í innlenda hringrás.

Orkuvinnsla úr blönduðum úrgangi

SORPA hóf útflutning á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu í lok árs 2023 og mun sá farvegur taka alfarið við af urðun blandaðs heimilisúrgangs. Stefnt er að því að draga úr urðun í Álfsnesi um 70% milli áranna 2023 og 2024.

Aukin endurnot

Góði hirðirinn, nytjamarcaður SORPU, flutti í nýtt og stærra húsnæði að Köllunarklettsvegi 1 í upphafi árs 2023 og gat því velt mun meira magni af endurnotanlegum munum en áður og jókst endurnotkun muna frá heimilum um rúmlega þriðjung á árinu og var 1.087 tonn. Góði hirðirinn hefur einnig sinnt samfélagslegri þjónustu og stutt flóttafólk og brottflutta Grindvíkinga með gefins munum.

Efnismiðlun Góða hirðisins er markaður fyrir notuð byggingarefni á tveimur endurvinnslustöðvum en árið 2023 fór magn til endurnota úr 146 tonnum í 189 tonn.

Þá sinnir SORPA fjölbreyttum úrgangsförvörnum í formi fræðslu og markaðsherferða, auk þess að taka þátt í fjölda samstarfsverkefna á sviðum endurvinnslu og endurnýtingar. Meðal annars opnaði SORPA Kassann í Góða hirðinum, sem er opið, fjölþætt rými fyrir hvers konar viðburði. Listamenn, hönnuðir, iðnaðarmenn, kennarar og fleirum er velkomið að nýta sér Kassann. Í Kassanum hafa verið haldnar vinnustofur, sýningar, reddingakaffi og aðrir viðburðir sem sýna fjölbreytta mögu-



leika hringrásarhagkerfisins; endurnotkun, endurframleiðsla og að breyta einhverju gömlu í nýtt og sniðugt. Í hverjum mánuði er haldið viðgerðakaffi í samvinnu við Reykjavík Tool Library, þar sem fólk kemur saman og lagfærir flikur, raftæki og margt fleira. Í Kassanum eru verkfæri og saumavélar fyrir margskonar verkefni.

Starfsemi

Starfsemi SORPU er viðamikil og hefur umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Fylgst er með hráefna-, orku- og eldsneytisnotkun og reynt að draga úr notkun eins og kostur er.

Hráefni

Notkun hráefna er að mestu notkun stoðefna í GAJU, bindivírs og baggaplasts í móttökustöð og yfir- og undirlagsefna á urðunarstað. Um er að ræða jarðefni (grús/drenmöl og sandur) og endurnýtingu á ýmsum úrgangsflokkum, s.s. ösku, litaðri timburflís og kurluðum greinum. Efnin eru notuð sem drenefni í reinarbotna, í vegi og plön innan svæðis á urðunarstaðnum, í þrýstijöfnunarlag, við gassöfnun, í yfirlag og til lyktarvarna.

Urðunarstaðurinn er nær sjálfbær um undirlagsefni því mikið magn efnis fellur til við undirbúning reinarbotns. Greinar eru nýttar sem lífsía og stoðefni við vinnslu lífúrgangs í GAJA. Lyktarvarnir eru mikilvægur þáttur í starfsemi urðunarstaðarins og eru lyktarhamlandi efni notuð í tengslum við meðhöndlun á lyktarsterkum úrgangi. Móttöku lyktarsterks úrgangs var þó hætt á urðunarstað í lok ársins. Mikil notkun var á jarðefnum í ár en farið var í að þetta yfirlag yfir rein 20 á 34 þúsund fermetra svæði. Var það liður í frágangi reinarinnar og til að auka gæði gassöfnunar.

Magn af hráefnum og öðrum eignum sem nýtt eru í starfseminni helst að miklu leyti í hendur við það magn úrgangs sem berst til SORPU. Við kaup á hráefnum er lögð áhersla á að nota hráefni úr endurunnum afurðum þar sem það er mögulegt, s.s. við kaup á plasti sem notað er til böggunar úrgangs og bindivír.

Tafla 3. Hráefnanotkun hjá SORPU á hvert tonn móttækis úrgangs

| Mælieining | 2023 (kg) | Umhverfis-áhrif (kg/t) | 2022 (kg) | Umhverfis-áhrif (kg/t) |
|--|------------|------------------------|------------|------------------------|
| Móttöku- og flokkunarstöð | | | | |
| Baggaplast | 45.640 | 0,3 | 69.737 | 0,4 |
| Bindivír (plast) | 22.000 | 0,1 | 34.560 | 0,2 |
| Bindivír (járn) | 24.184 | 0,2 | 76.450 | 0,4 |
| Salt vegna hálkuvarna | 42.040 | 0,3 | 36.760 | 0,2 |
| Lyktarefni (lítrar) | 210 | 0,0 | 210 | 0,0 |
| Hreinsiefni (lítrar) | 820 | 0,0 | - | - |
| Glussi (lítrar) | 2.340 | 0,0 | 3.160 | 0,0 |
| Smurolía (lítrar) | 296 | 0,0 | 232 | 0,0 |
| Smurefni (lítrar) | 734 | 0,0 | - | - |
| Adblue (lítrar) | 1.765 | 0,0 | 1.860 | 0,0 |
| Urðunarstaður | | | | |
| Jarðefni | 86.022.900 | 548,2 | 23.293.800 | 134,5 |
| Tróð í yfirlag | 0 | 0,0 | 3.322.900 | 19,2 |
| Aska | 1.777.980 | 11,3 | 1.738.770 | 10,0 |
| Greinakurl á lager og í bíófilter | 4.169.540 | 26,6 | 2.717.560 | 15,7 |
| Lituð timburflís í yfirlag og á lager | 14.397.727 | 91,8 | 18.484.060 | 106,7 |
| Salt | 74.800 | 0,5 | 73.570 | 0,4 |
| Lyktarefni (lítrar) | 2.000 | 0,0 | 2.050 | 0,0 |
| Adblue (lítrar) | 2.056 | 0,0 | 294 | 0,0 |
| GAJA | | | | |
| Sítrónusýra | 3.775 | 0,0 | 2.000 | 0,0 |
| Greinakurl - stoðefni | 488.280 | 3,1 | 240.320 | 1,4 |
| Hrein timburflís - stoðefni | 5.014.970 | 32,0 | 6.080.270 | 35,1 |
| Endurvinnslustöðvar og Góði hirðirinn | | | | |
| Hálkuvörn (fjöldi dreifinga) | 87 | - | 103 | - |
| Salt | 104.550 | 0,7 | 96.090 | 0,6 |

Orku- og vatnsnotkun


Orku- og eldsneytisnotkun SORPU er talsverð því vélar nota mikla orku við úrgangsmeðhöndlun og má þar nefna hakkavélar, timburtætara og pressur í móttökustöð og öflugan dælubúnað í GAJU, en allur þessi búnaður gengur fyrir rafmagni.

Töluvert magn vatns fer í að halda móttökustöðinni hreinni en fleiri hundruð tonn af úrgangi fara í gegnum stöðina á hverjum degi. Kalt vatn er t.d. notað í kæli við pressur. Kalt vatn er einnig notað í umtalsverðum mæli í gashreinsistöðinni í Álfsnesi við hreinsibúnað og sem kælivatn við gaspressurnar. Notkun á köldu vatni í gashreinsistöð jókst verulega þegar farið var í tilraunaverkefni með Carbfix um förgun á koldíoxíði (CO₂) sem losnar frá urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Tilrauninni lauk árið 2022 en aukin vatnsnotkun kemur inn í bókhaldskerfið á árinu 2023. Notkun á heitu vatni jókst einnig í GAJU en notkun þess helst í hendur við móttakið magn úrgangs og hitastig utandyra þar sem meltuvökvi í tönkum þarf ávallt að vera 37°C. Rafmagnsnotkun jókst einnig lítilega á hvert meðhöndlað tonn úrgangs milli ára, líkt og sjá má í töflu 4. Á myndum 2-4 má sjá vatns- og rafmagnsnotkun þeirra starfsstöðva þar sem notkun er mest og samanburð á notkun starfsstöðvanna milli ára.




Tafla 4. Orku- og vatnsnotkun hjá SORPU (án ökutækjaeldsneytis) á hvert tonn móttækis úrgangs


| | 2023 | Umhverfisáhrif (notkun/t) | 2022 | Umhverfisáhrif (notkun/t) |
|------------------------------|-----------|------------------------------|-----------|------------------------------|
| Rafmagn (kWst) | 4.112.873 | 26,21 kWst/t | 4.385.283 | 25,32 kWst/t |
| Heitt vatn (m ³) | 136.503 | 0,87 m ³ /t | 104.367 | 0,60 m ³ /t |
| Kalt vatn (m ³) | 235.527 | 1,5 m ³ /t | 160.436 | 0,93 m ³ /t |



Mynd 2. Rafmagnsnotkun eftir starfsstöðvum 2021-2023 (kWst).



Mynd 3. Notkun á köldu vatni eftir starfsstöðvum 2021-2023 (m³).



Mynd 4. Notkun á heitu vatni eftir starfsstöðvum 2021-2023 (m³).



Tafla 5. Eldsneytisnotkun hjá SORPU á hvert tonn móttækis úrgangs

| | 2023 | Umhverfisáhrif (notkun/t) | 2022 | Umhverfisáhrif (notkun/t) |
|--------------------------|---------|------------------------------|---------|------------------------------|
| Bensín (l) | 4.552 | 0,03 | 2.963 | 0,02 |
| Dísilolía (l) | 560.465 | 3,57 | 401.822 | 2,32 |
| Metan (Nm ³) | 138.537 | 0,88 | 62.561 | 0,36 |
| Rafmagn (kWst) | 4.067 | 0,03 | 0 | 0,00 |


Tafla 6. Orkuinnihald

| Efni | Rúmpýngd | Orkuinnihald | kg CO ₂ /kg |
|------------|-------------------------|--------------|-------------------------|
| Bensín | 750 kg/m ³ | 44,3 MJ/kg | 3,19 |
| Dísilolía | 800 kg/m ³ | 43,0 MJ/kg | 3,24 |
| Metan | 0,717 kg/m ³ | 50,0 MJ/kg | 0,0027 |
| Lífdísill | 880 kg/m ³ | 38,0 MJ/kg | 0,0066 |
| Rafmagn | - | - | 0,0085 kg/kWst |
| Heitt vatn | 1.000 kg/m ³ | 0,126 MJ/kg | 0,434 kg/m ³ |

Ein kWst er 3,6 MJ. Reiknað hitafall á heitu vatni er frá 70 °C að 40 °C. Orkuinnihald á heitu vatni er 4,2 kJ/kg/°C og er (4,2*30) = 126 MJ eða 126/3,6 = 35 kWst í hverju tonni.

Verktakar sinna öllum akstri með úrgang og gámaflutningum fyrir SORPU og fjöldi stórvirkra vinnuvéla er notaður við urðun og frágang á urðunarstaðnum. Eldsneytisnotkun verktaka er því hlufallslega stærsti þátturinn í allri eldsneytisnotkun á vegum fyrirtækisins. Upplýsingar um eldsneytisnotkun verktaka koma frá þeim sjálfum eða eru áætlaðar út frá fjölda ferða þeirra með úrgang. Á mynd 5 má sjá notkun dísilolíu eftir starfsstöðvum, eigin notkun og notkun verktaka.


Heildarolíunotkun SORPU vegna daglegrar starfsemi og flutninga úrgangs jókst á milli ára líkt og sjá má í töflu 5. Skýrist það fyrst og fremst af aukinni notkun á urðunarstað vegna flutninga á jarðefnum innan svæðis til þéttingar yfirlags á rein 20.




Mynd 5. Notkun dísilolíu (lítrar) á eigin bíla og vinnuvélar í samanburði við notkun verktaka.

Unnið er markvisst að því að auka hlut vistvænna eldsneytisgjafa í starfseminni eins og kostur er. M.a. er gerð krafa í flutningaútboði endurvinnslustöðva um hækkandi hlutfall metannotkunar á samnings-tímanum. Á mynd 6 má sjá olíunotkun SORPU skipt eftir deildum og samanburð milli ára. Þar má sjá að olíunotkun endurvinnslustöðva hefur dregist umtalsvert saman frá árinu 2021.

Hlutfall metans af heildareldsneytisnotkun SORPU er 20% árið 2023 (14% árið 2022) en sjá má notkun mismunandi eldsneytistegunda á mynd 7.



Mynd 6. Notkun á dísilolíu eftir starfsstöðvum og árum.



Mynd 7. Heildareldsneytisnotkun SORPU eftir tegundum miðað við orkugildi.

Tafla 7. Heildarorkunotkun hjá SORPU á hvert tonn móttækis úrgangs

| Mælieining | 2023 | Orkuinnihald (kWst) | Umhverfisáhrif (kWst/t) | 2022 | Orkuinnihald (kWst) | Umhverfisáhrif (kWst/t) |
|-------------------|-----------|---------------------|-------------------------|-----------|---------------------|-------------------------|
| Bensín (tonn) | 3,4 | 42.011 | 0,3 | 2,2 | 27.342 | 0,2 |
| Dísilolía (tonn) | 448,4 | 5.355.554 | 34,1 | 321,5 | 3.839.635 | 22,2 |
| Metan (tonn) | 99,3 | 1.379.598 | 8,8 | 44,9 | 623.005 | 3,6 |
| Rafmagn (kWst) | 4.116.940 | 4.116.940 | 26,2 | 4.385.283 | 4.385.283 | 25,3 |
| Heitt vatn (tonn) | 136.503 | 4.777.605 | 30,4 | 104.367 | 3.652.845 | 21,1 |
| Samtals | | 15.671.709 | 99,9 | | 12.528.111 | 72,3 |

Tafla 8. Gróðurhúsalofttegundir frá eldsneytisnotkun á ökutæki SORPU miðað við hvert tonn móttækis úrgangs

| Efni | 2023 (tonn) | Umhverfisáhrif/ tonn (kg CO ₂ /t) | 2022 (tonn) | Umhverfisáhrif/ tonn (kg CO ₂ /t) | Breyting á umhverfisáhrifum/ tonn |
|----------------|-------------|--|-------------|--|-----------------------------------|
| Bensín | 3,4 | 0,07 | 2,2 | 0,04 | 69,6% |
| Dísilolía | 448,4 | 9,26 | 321,5 | 6,01 | 53,9% |
| Samtals | | 9,33 | | 6,06 | 54,0% |
| Metan | (99,3)* | 0,0017 | (44,9)* | 0,0007 | 144,4% |

* CO₂ sem verður til við bruna á metani í stað jarðefnaeldsneytis eykur ekki magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu.

Gassöfnun og -hreinsun

Meðal umhverfisáhrifa af starfsemi SORPU er losun gróðurhúsalofttegunda eins og koltvísýrings (CO₂) og metans (CH₄) frá urðunarstaðnum. Allir urðunarstaðir á Íslandi skulu safna og brenna hauggasi samkvæmt lögum um

meðhöndlun úrgangs og reglugerðum um urðun. Hauggas frá urðunarstöðum er að mestu samsett úr metani (50-60%) og koltvísýringi (40-50%), auk brennisteinsvetnis (H₂S), köfnunarefnis (N₂) og súrefnis (O₂) í litlum mæli, en gróðurhúsaáhrif metans eru 28 sinnum meiri en gróðurhúsaáhrif



koltvísýrings. Með brennslu á metani má því draga verulega úr áhrifum metans á loftslag og enn frekar með hreinsun hauggass í metan og brennslu þess í iðnaði eða á ökutæki í stað innflutts jarðefnaeldsneytis. Með framleiðslu á eldsneyti úr hauggasi er dregið verulega úr losun

gróðurhúsalofttegunda frá urðunarstaðnum ásamt því að framleiða umhverfisvænt eldsneyti. Metanið frá urðunarstað er vottað samkvæmt kröfum Svansins, norræna umhverfismerkisins.

Vorið 2023 átti SORPA í fyrsta sinn erfitt með að anna eftirspurn eftir metangasi sem olli því að þjónustuföll komu upp á afgreiðslustöðum á milli áfyllinga og gasgæði fóru tímabundið úr 95% niður í um 90%. Eftirspurn á metangasi hefur aukist undanfarin misseri og afhenti SORPA mesta magn af metangasi frá upphafi árið 2023.

Gas frá SORPU á sér uppruna í lífbrjótanlegum úrgangi, annars vegar frá gas- og jarðgerðarstöðinni (GAJA) og hins vegar gasborholum á urðunarstaðnum. Unnið var að því að fjölga borholum og tengja þær nýjustu frá árinu áður, auk þess sem farið var í þéttingar á yfirborði haugs. Jafnvægi náðist í gasframleiðslunni um haustið.

Kolefnisspor SORPU

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutninga, aksturs og notkunar vinnuvéla á vegum SORPU jókst miðað við árið á undan og var heildarlosun CO₂ vegna eldsneytisnotkunar 1.464 tonn (1.049 tonn árið 2022).

Í töflu 9 má sjá magn metans sem framleitt var og sparaðan útblástur vegna nýtingar metans á ökutæki og til iðnaðar.

Tafla 9. Heildarmagn notað af metani frá SORPU og sparaður útblástur

| | 2023 (Nm ³) | 2023 (tonn) | Gróðurhúsaáhrif án notkunar 2023 (tonn-CO ₂) | 2022 (Nm ³) | 2022 (tonn) | Gróðurhúsaáhrif án notkunar 2022 (tonn-CO ₂) |
|-----------------------------------|----------------------------|----------------|--|----------------------------|----------------|--|
| Metan á ökutæki | 1.962.496 | 1.407 | 39.399 | 1.888.549 | 1.354 | 37.915 |
| Metan í iðnað | 213.623 | 153 | 4.289 | 96.642 | 69 | 1.940 |
| Metan til eigin nota | 0 | 0 | 0 | 2.125 | 2 | 43 |
| Metan í brennara | 24 | 0,02 | 0,48 | 8.217 | 6 | 165 |
| Alls sparað bensín (l)* | 2.197.996 | 1.576 | | 2.115.175 | 1.517 | |
| Alls sparað CO₂ | | | 43.688 | | | 40.062 |

* 1,0 Nm³ metan = 1,12 l bensín

SORPA styðst við loftslagsbókhald Umhverfisstofnunar við mat á hlýnunarstuðli metans og er hann 28 frá árinu 2022.



Tafla 10. Losun CO₂-ígilda vegna starfsemi SORPU

| | 2023 (tonn) | 2022 (tonn) |
|---|----------------|----------------|
| Eldsneytisnotkun | 1.464 | 1.049 |
| Flugferðir | 25,0 | 19,1 |
| Rafmagnsnotkun | 35,1 | 45,2 |
| Heitt vatn | 59,2 | 45,3 |
| Úrgangur til urðunar að frádreginni metansöfnun | 93.455 | 106.774* |
| Samtals losun | 95.038 | 107.932 |

* Tölur ársins 2022 hafa verið uppfærðar með nýjum útreikningum UST en frádráttur vegna metansöfnunar var ofátælaður árið 2022. Stuðst er við 6. útgáfu loftslagsstuðla Umhverfisstofnunar sem birt var 29. janúar 2024.



Í töflu 10 er yfirlit yfir losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi SORPU. Undir beina losun frá starfseminni fellur urðun úrgangs og er það áhrifamesti þátturinn. Losun vegna urðunar hefur verið áætluð í samstarfi við loftslagsteymi Umhverfisstofnunar út frá gögnum SORPU um magn og samsetningu úrgangs sem farið hefur til urðunar í Álfsnesi frá upphafi og að teknu tilliti til endurheimtar metans. Metan byrjar venjulega að myndast einu til tveimur árum eftir að úrgangur hefur verið urðaður. Urðunarstaðurinn getur náð metan fasanum á sex mánuðum til 5 árum en metanmyndunin getur varað í nokkur ár og jafnvel áratugi. Árangur þess að hætta að urða lífrænan úrgang sést því fyrst fyrir alvöru að nokkrum árum liðnum.

Sigvatn og frárennsli

Grunn- og sigvatnsrannsóknir eru gerðar árlega í Álfsnesi. Árið 1990 voru framkvæmdar viðamiklar mælingar bæði við Álfsnes og Gufunes til að fá sem bestar upplýsingar um svæðin áður en urðunarstaður og móttökustöð voru tekin í notkun.

Niðurstöður allra mælinga í Álfsnesi hafa verið birtar í ársskýrslum SORPU. Reglulega eru gerðar viðameiri rannsóknir á lífríki út af ströndum athafnasvæðis SORPU. Í þeim rannsóknum hafa þungmálmur og ólífræn sneflefni mælst undir viðmiðunarmörkum en niðurstöður eru aðgengi- legar í eldri ársskýrslum fyrirtækisins.

Í töflum 11-13 má finna niðurstöður efnamælinga í Álfsnesi og Gufunesi á síðasta ári. Engin efni mældust yfir viðmiðunarmörkum árið 2023.

Loftmengun

Gerðar eru kröfur um mælingar á loft- og lyktarmengun í starfsleyfi GAJA og má sjá niðurstöður mælinga á brennisteinsvetni á mynd 8. Enn er

verið að þróa mæliaðferðir vegna lyktar (ammóníaks) í útblæstri frá GAJA og er unnið að breytingum á mælipunktum til að fá raunsannari mynd af styrk ammóníaks í útblæstri frá GAJU.

Umhverfisfræðsla

Umhverfisfræðsla á vegum SORPU er jákvæður umhverfisþáttur. Árið 2023 voru 1837 skráðir í formlega fræðslu hjá SORPU í um 53 heimsókn- um. Til viðbótar eru svo þeir sem sækja viðburði í Kassanum í Góða hirðinum en ekki er haldið utan um þann fjölda sérstaklega.



Efnamælingar

Tafla 11.
Frárennsli urðunarstaðar
í Álfsnesi.
Sýni tekin 2022-2023.

| Rannsóknarstofnun Dags. sýnatöku | Eurofins | | Einingar |
|-------------------------------------|-----------|-----------|----------|
| | 8.12.2022 | 27.9.2023 | |
| Mælipáttur: | | | |
| Rennsli | 7,56 | 2,03 | l/s |
| Hitastig | 20,4 | 23,2 | °C |
| pH | 7,5 | 7,486 | pH |
| Leiðni | 9040 | 1050 | mS/m |
| Nítrat-N | 2,7 | <2,00 | mg/l |
| Ammoníum-N | 300 | 821 | mg/l |
| Heildar-N | 960 | | mg/l |
| Heildar-P | 12 | 13,4 | mg/l |
| Klóríð | 760 | 866 | mg/l |
| Flúoríð, F | 1,1 | <0,400 | mg/l |
| Súlfat, SO4 | 17 | 6,4 | mg/l |
| Súrefnisþörf, COD | 1860 | 1730 | mg/l |
| Uppleyst lífrænt kolefni, DOC | 1400 | 381 | mg/l |
| Olía og fita | <1,0 | <2,0 | mg/l |
| Lífræn halógensambönd, AOX | 0,29 | 0,31 | mg/l |
| Bensen | 0,0013 | 0,0017 | mg/l |
| Tólúen | <0,1 | 0,00069 | mg/l |
| Etylbensen | 0,0053 | 0,00288 | mg/l |
| o-Xylen | 0,0027 | 0,00461 | mg/l |
| m/p-Xylener | 0,011 | 0,0201 | mg/l |
| Heildar-BTEX | 0,0203 | 0,0247 | mg/l |
| Fenóltala | <0,050 | 0,013 | mg/l |
| Kopar, Cu | 0,032 | 0,0107 | mg/l |
| Kadmíum, Cd | <0,001 | 0,000112 | mg/l |
| Blý, Pb | 0,007 | 0,00344 | mg/l |
| Sínk, Zn | 1,5 | 0,0435 | mg/l |
| Króm, Cr | 0,188 | 0,226 | mg/l |
| Járn, Fe | 16,5 | 22,8 | mg/l |
| Kvikasilfur, Hg | 0,0031 | 0,00002 | mg/l |
| Arsen, As | <0,05 | 0,0129 | mg/l |
| Nikkel, Ni | 0,076 | 0,103 | mg/l |
| Molybden, Mo | <0,02 | 0,003 | mg/l |
| Baríum, Ba | 0,13 | 0,182 | mg/l |
| Antimon, Sb | <0,01 | 0,00316 | mg/l |
| Selen, Se | <0,01 | <0,003 | mg/l |
| Tín, Sn | 0,09 | 0,0643 | mg/l |
| Uppleyst efni, TDS | 3.849 | | mg/l |

Tafla 12.**Frárennsli urðunarstaðar í Álfsnesi**

Samanburður á efnamælingum 2023 og tilkynningarskyldu magni í útstreymisbókhaldi skv. reglugerð 990/2008.

Eingöngu eru sýnd efni, sem eru mæld skv. starfsleyfi og eru einnig í Viðauka II í reglugerðinni.

| | Mælingar/meðaltal | Heildarmagn* | Tilkynningarskyldt magn |
|------------------------------------|-------------------|--------------|-------------------------|
| | mg/l | kg/ár | kg/ár |
| Heildar-N | 0 | 0 | 50.000 |
| Heildar-P | 27,2 | 858 | 5.000 |
| Klóríð | 1758 | 55.440 | 2.000.000 |
| Flúoríð, F | - | - | 2.000 |
| Heildar lífrænt kolefni, TOC=COD/3 | 1.171 | 36.917 | 50.000 |
| Lífræn halógensambönd, AOX | 0,629 | 19,8 | 1.000 |
| Heildar-BTEX | 0,0501 | 1,58 | 200 |
| Kopar, Cu | 0,0217 | 0,685 | 50 |
| Kadmíum, Cd | 0,000227 | 0,00717 | 5 |
| Blý, Pb | 0,00698 | 0,220 | 20 |
| Sínk, Zn | 0,0883 | 2,78 | 100 |
| Króm, Cr | 0,459 | 14,5 | 50 |
| Kvikasilfur, Hg | 0,0000406 | 0,00128 | 1 |


* Miðað við rennsli 2,03 ltr/sek.

Tafla 13.
Frárennsli móttökustöðvar
í Gufunesi.
Sýni tekin 2022-2023.

| Rannsóknarstofnun Dags. sýnatöku | Leyfilegur styrkur | Eurofins | Eurofins |
|-------------------------------------|--------------------|-----------|-----------|
| | | 27.9.2022 | 27.9.2023 |
| Lífrænt efni sem COD, mg/L | 1000 | 132 | 220 |
| Svifagnir, mg/L | 500 | 28 | 153 |
| Olía og fita, mg/L | 100 | 7 | (u.m.m.) |
| Hitastig, °C | 35 | 6 | 15 |
| Sýrustig, pH | 6,5-10 | 7,3 | 6,8 |
| Kvikasilfur, mg/L | 0,03 | <0,0001 | <0,0005 |
| Kadmíum, mg/L | 0,15 | <0,0002 | <0,001 |
| Blý, mg/L | 0,2 | 0,003 | 0,011 |

Mynd 8. Sólarhringsmeðaltal brennisteinsvetnis (H₂S) í andrúmslofti við GAJA.

Heilsuverndarmörk fyrir brennisteinsvetni eru 50 µg/m³ samkvæmt reglugerð 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og mælist styrkur þess við GAJA innan þeirra marka allt árið.



Áritun endurskoðanda

Til stjórnar SORPU bs.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald SORPU bs. fyrir árið 2023 en hún hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar, yfirlit um orku- og hráefnanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2023. Einnig er það álit okkar að aðrar upplýsingar séu rétt fram settar í skýrslunni.

Reykjavík, 30.apríl 2024

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Yfirlýsing stjórnar SORPU bs.

Sem starfsleyfisskyldu fyrirtæki ber SORPU bs. að halda og birta grænt bókhald samkvæmt reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

Grænt bókhald er gefið út í ársskýrslu SORPU bs. og birt á heimasíðu fyrirtækisins, www.sorpa.is.

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með umhverfisskýrslu 2023, grænt bókhald byggðasamlagsins fyrir árið 2023 með undirskrift sinni.

Skýrsla framkvæmdastjóra

7. maí 2024

Nýr fjármálastjóri tekinn til starfa

- Þórhallur Hákonarson hóf störf 6. maí
- Þórhallur starfaði áður meðal annars sem fjármálastjóri Lyfjastofnunar í 15 ár og sem fjármálastjóri Landhelgisgæslunnar



Sumardagurinn fyrsti

- Opið hús í GAJU á sumardaginn fyrsta heppnaðist vel
 - Rúmlega 400 bílar með um 140 kerrur komu í GAJU
 - Áætlað að rúmlega 1.000 manns hafi mætt
 - 300-400 manns fóru í skoðunarferð um GAJU
 - Um 80 tonn af moltu voru gefin
 - Stefnt að dreifingu á moltu til íbúa höfuðborgarsvæðisins á endurvinnslustöðvum og á stöðum sem sveitarfélögin velja um miðjan maí
-

SORPA hlaut Kuðunginn árið 2023

- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson veitti SORPU þann 2. maí Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, fyrir framúrskarandi starf að umhverfismálum á síðasta ári.
- Í rökstuðningi dómnefndar fyrir valinu á Sorpu, kemur fram að Sorpa hafi í samstarfi við almenning lyft grettistaki í flokkun lífræns úrgangs árið 2023. Sorpa hafi á árinu ráðist í mikilvæg umbóta verkefni sem sneru meðal annars að innleiðingu samræmds flokkunarkerfis og sérsöfnun matvæla á höfuðborgarsvæðinu. Með sérsöfnun matarleifa hafi verið stigið stórt skref í samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, sem hafi skilað gríðarlegum umhverfisávinningi.
- SORPA hafi gengið mun lengra en hægt sé að ætlast til af fyrirtækinu miðað við kjarnastarfsemi og hafi tekist að breyta hegðun almennings á skömmum tíma, auk þess að virkja fólk til þátttöku með átaki í fræðslu og markaðsherferðum. Þá hafi Sorpa tekið þátt í fjölda samstarfsverkefna á sviðum endurvinnslu og endurnýtingar og veitt hlutum nýtt líf, m.a. í gegnum Efnismiðlunina og Góða hirðinn. Telur dómnefndin að Sorpa sé vel að viðurkenningunni komin og sé öðrum fyrirtækjum til mikillar eftirbreytni með starfi sínu.



GAJU veitt ótímabundið starfsleyfi



STARFSLEYFI / APPROVAL

Með vísan til 13. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum veitir Matvælastofnun hér með leyfi til nedangreinds.

With reference to article 13 of the Icelandic legal act no. 25/1993 on animal diseases and measures to control them, The Icelandic Food and Veterinary Authority hereby grants an approval to the establishment below to carry out the following activity(-ies).

Samþykkisnúmer / Approval number: H201

Starfsstöð / Establishment name: GAJA
Heimilisfang / Address: Víðinesvegur 21
116 Reykjavík

Kennitala / National ID number: 510588-1189
Gildir frá / Valid from: 26.1.2024
Leyfið gildir til / Valid until: Ótímabundið / Indefinitely

Gas og jarðgerð úr sérftokkuðum lífrænum efnum.

Starfsleyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, aðsetur og starfsemi. Starfsleyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra vinnslu en starfsleyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

The approval is limited to the the above national ID number, address and activity. The operator is obliged to fulfill all the relevant demands that are placed in legal acts by the competent authorities. The operator can only start up new activity in the establishment if the Icelandic Food and Veterinary Authority permits.



Prentað: 18.4.2024 #0006128 Blaðsíða / Page | 1



Starfsemi / Activity(-ies)

ABP - Section VI - BIOGP - Biogas plants – Gildir frá / Valid from: 30.01.2024

ABP - Animal by-products - BIOG - Biogas
Lifgas og meltunarleyfar úr eldhúsaflögum
ABP - Animal by-products - BIOR - Digestion residues from biogas production other than biogas
Meltunarleyfar frá lifgasvinnslu

ABP - Section XII - UFERT - Use for organic fertilisers and soil improvers – Gildir frá / Valid from: 30.01.2024

ABP - Animal by-products - OFSIBU - Lífrænn áburður eða jarðvegsbætur í bulk
Framleiðsla lífræns áburðar úr meltunarleyfum

Hönn Ólína Jörundsdóttir
Forstjóri / Director



Prentað: 18.4.2024 #0006128 Blaðsíða / Page | 2

Textíilverkefni önnur en söfnun og útflutningur

- Endurnotkun á textíl – tilraunaverkefni í samvinnu með SSH. Styrkur í samvinnu við SSH í undirbúningi. Tólf mánaða tilraunaverkefni með það markmið að leita leiða til að draga úr flutningi úr landi. Helst er horft til þess að forflokka textíl sem safnast á endurvinnslu- og grenndarstöðvum og að miðla til aðila sem hefðu áhuga á frekari nýtingu, til dæmis smávöruverslana, fatahönnuða, sprotafyrirtækja, leikhúsa, listaháskóla og annarra mennta- og menningarstofnanna.
 - Þátttaka með hönnuðum, Listaháskólanum, Tækniskólanum og fleirum. Viðburðir, ráðgjöf, efnisgjöf og annað.
 - Innovation Week. Listsýning í Kassanum 16. maí 2024. Yruari. Ýr Jóhannsdóttir. Listakona sem vinnur með textíl.
-

Jazzporpið í Garðabæ





Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.
Til: Stjórnar SORPU bs
Efni: Stofnun undirbúningsfélags um hátækisorprenslu

6. maí 2024

Stofnun undirbúningsfélags um hátækisorprenslu

Þann 18. apríl sl. kom út skýrsla sem unnin var í umboði Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Skýrslunni var ætlað að bera saman hagkvæmni sviðsmyndar A: að reisa annars vegar eina 140.000 tonna hátækisorprenslu á Helguvíkursvæðinu, og hins vegar sviðsmyndar B, að reisa eina 120.000 tonna hátækisorprenslu á Helguvíkursvæðinu og aðra 20.000 tonna hátækisorprenslu á Dysnesi.

Niðurstöður skýrslunnar eru sviðsmynd A afgerandi í vil. Skýrsluna, og tvær aðrar sem hafa verið unnar um málið, má nálgast á vefnum www.htb.is. Önnur niðurstaða skýrslunnar er að sviðsmynd A er hagkvæmari en útflutningur á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu erlendis. Af meðal annars þessum ástæðum leggja skýrsluhöfundar til að næstu skref í kjölfar útgáfu skýrslunnar séu stofnun félags sem hefði þann tilgang að undirbúa uppbyggingu hátækisorprenslu á Íslandi.

Félagið hefði margþætt hlutverk, þar á meðal að greina betur rekstrarforsendur hátækisorprenslu, undirbúa umhverfismat, vinna með hagaðilum, undirbúa flutningsjöfnunarkerfi fyrir blandaðan úrgang til brennslu, kanna tæknilegar lausnir, hefja samtöl um fjármögnun, hráefnisöflun og afurðasölu, móta starfsumhverfi hátækisorprenslu og fleira.

Áætlaður líftími undirbúningsfélags sem þessa er að mati undirritaðs 2-4 ár, og kallar á fjármögnun sem nemur á bilinu 75 til 125 milljónum króna á ári. Kostnaður við rekstur félagsins yrði nær 75 milljónum á fyrsta rekstrarári og myndi fyrst og fremst vera launakostnaður fyrstu starfsmanna þess, auk kostnaðar við ráðgjöf. Á síðari hluta líftíma félagsins myndi færast meiri þungi í verkefni á borð við umhverfismat og hönnunarkostnað, sem kallaði á aukin fjárútlát. Gróft yfirlit yfir þennan kostnað er að finna á næstu síðu.

Nú þegar hafa Umhverfis, orku og loftslagsráðuneytið, Kalka sf. og HS Orka lýst yfir áhuga á að taka þátt í stofnun félagsins og hafa óformlegar viðræður átt sér stað um kostnað, markmið og fjármögnun.

Lagt er til að SORPA bs lýsi yfir áhuga á aðkomu að félaginu og kalla eftir vilyrði ofangreindra aðila til að leggja undirbúningsfélaginu til rekstrarfé til 4 ára. Samhliða mun SORPA bs. lýsa sig tilbúið til að leggja félaginu til á bilinu fjórðung til þriðjung þessa kostnaðar í allt að 4 ár ef vilyrði fæst hjá aðilum máls um að tryggja undirbúningsfélaginu það fjármagn sem upp á vantar til að koma því á legg.

Virðingarfyllt,

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.



Áætlaður rekstrarkostnaður fyrsta rekstrarárs:

| | |
|--------------------|-------------------|
| Aðkeypt ráðgjöf: | 27.500.000 |
| Framkvæmdastjóri: | 23.000.000 |
| Verkefnastjóri: | 18.000.000 |
| Annar kostnaður | 4.000.000 |
| Húsnæðiskostnaður: | 2.500.000 |
| | |
| Samtals: | 75.000.000 krónur |



Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Til: Umhverfis,- orku- og loftslagsráðherra, bæjarstjóra Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, borgarstjóra Reykjavíkur, og bæjarstjóra Seltjarnarness

Efni: Árangur af aðgerðum SORPU árið 2023

7. maí 2024

Árangur af aðgerðum SORPU árið 2023

Undirritaður hefur tekið saman, að beiðni ráðherra, stutt minnisblað um þann árangur sem verður af þeim helstu breytingum sem SORPA bs. réðist í á árinu 2023. Þær eru: sérstök söfnun á matarleifum og meðhöndlun í GAJU, bann við urðun á lífrænum úrgangi á urðunarstað SORPU í Álfsnesi, og útflutningur á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu.

Hluti árangursins er þegar kominn fram. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs dróst urðun í Álfsnesi saman um tæp 89% miðað við sama tímabil í fyrra. Þessar þrjár aðgerðir stuðla enn fremur að því að SORPA mun á næstu 10-15 árum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á ábyrgð stjórnvalda um 73.500 tonn af koltvísýringsígildi – næstum jafnmikið og allir hreinorkufólksbílar á landinu.

Sérstök söfnun á matarleifum og meðhöndlun í GAJU hefur í för með sér samdrátt í losun sem nemur 0,8 tonnum af koltvísýringsígildi fyrir hvert 1 tonn af matarleifum. Gert er ráð fyrir að GAJA meðhöndli um 24.000 tonn af matarleifum á árinu 2024, og komi þannig í veg fyrir losun á 19.200 tonnum af koltvísýringsígildi. Það jafngildir því að taka um 10.000 fólksbíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti af götum landsins.

Bann við urðun á lífrænum úrgangi í Álfsnesi tók gildi 1. janúar 2024 þegar [viðauki við eigendasamkomulag SORPU](#) gekk í gildi. Nokkrum vikum áður hóf SORPA útflutning á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu í Svíþjóð. Með þessum aðgerðum hefur SORPA hætt að urða lífrænan úrgang í Álfsnesi. Þegar lífrænn úrgangur er urðaður veldur hann mikilli losun gróðurhúsalofttegunda. Árið 2023 losaði urðunarstaður SORPU um 93.500 tonn af koltvísýringsígildi – álíka mikið og 47.000 fólksbílar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Hér er ótalinn sá samdráttur í losun sem verður vegna nýtingu á metani og moltu sem GAJA framleiðir.

Þessi losun kemur til vegna lífrænnar urðunar fortíðar. Þar sem henni hefur verið hætt er gert ráð fyrir að losun frá urðunarstað SORPU dragist saman á næstu 10-15 árum og verði við lok þess tímabils um 20.000 tonn. Þessi 73.500 tonna samdráttur jafnast á við að taka tæplega 37.000 fólksbíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti af götum landsins. Til að setja þá tölu í samhengi má nefna að [um 40.000 hreinorkufólksbílar](#) eru á götum landsins þegar þetta er skrifað. Samdráttur í losun frá starfsemi SORPU á næstu árum jafnast því nærri því á við öll orkuskipti fólksbílaflotans á undanförunum árum.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.



Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Til: Stjórnar Úrvinnslusjóðs

Efni: Aukinn kostnaður við meðhöndlun á pappír vegna drykkjarumbúða

20. febrúar 2024

Aukinn kostnaður við meðhöndlun á pappír vegna drykkjarumbúða

Samantekt

- Kostnaður SORPU við meðhöndlun á blönduðum pappír vegna handflokunar drykkjarumbúða er 4,9 kr/kg hærrí en áður bauðst
- Ástæður hærrí kostnaðar eru fyrst og fremst vegna handflokunar og óhagstæðari verða hjá aðila sem getur flokkað drykkjarumbúðir sérstaklega úr pappírsstraumi SORPU
- SORPA fer því þess á leit við Úrvinnslusjóðs að greiðslur til SORPU vegna blandaðs pappírs verði hækkaðar um sömu krónutölu til að mæta þessum kostnaði og greiði áfallinn kostnað síðasta árs við breytta meðhöndlun að upphæð 14.971.804

Minnisblað

Þann 1. júlí 2023 hóf SORPA að senda blandaðan pappír til Svíþjóðar í samstarfi við STENA þar sem drykkjarumbúðir eru flokkaðar sérstaklega úr blönduðum pappírsstraumi SORPU með handvirkum hætti.

Handflokun fer þannig fram að safnað er saman í nægjanlegu magni til að geta unnið 2-3 daga í flokkun á efni frá SORPU. Baggar eru opnaðir og pappírinn keyrður gegnum sérstakan bylgjupappaflokkara, þar sem stærri bylgjupappaumbúðir er flokkaðar frá með vélrænum hætti. Því næst er með handaflí flokkað í fjóra eftirtalda flokka:

- drykkjarumbúðir
- dagblöð og tímarit
- bylgjupappa
- rusl

Þessi viðbótarflokun bylgjupappa, dagblaða- og tímaritapappírs og rusls er til þess fallin að draga úr kostnaði á síðari stigum í virðisikeðjunni. Kostnaður SORPU við þessa meðhöndlun er eftir sem áður 14.971.804 krónum hærrí á hálfu ári en ef blandaði pappírsstraumurinn hefði með óbreyttum hætti farið áfram til Smurfit Kappa í Roermond í Hollandi, eins og hann gerði frá tímabilinu 1. júní 2022 til 1. júlí 2023. [Sjá meðfylgjandi reikninga?]



SORPA þarf því að greiða 4,9 krónum hærra verð, auk virðisaukaskatts, fyrir hvert kíló af blönduðum pappír til móttökuaðila vegna þessarar breyttu ráðstöfunarleiðar. SORPA telur rétt og eðlilegt að Úrvinnslusjóður hækki greiðslur til SORPU fyrir þennan úrgangsstraum sem því nemur. Þá beinir SORPA jafnframt athygli Úrvinnslusjóðs að því hvort rétt sé að leggja þennan hærri kostnað á drykkjarumbúðir, til að tryggja að aðrir framleiðendur og innflytjendur pappírs niðurgreiði ekki þessa kostnaðarsamari meðhöndlun.

SORPA fer jafnframt þess á leit við sjóðinn að hann greiði SORPU í eingreiðslu ofangreindan kostnað, 14.971.804 krónur, auk virðisaukaskatt, vegna dýrari meðhöndlunar sem er til komin vegna drykkjarumbúða í blönduðum pappírsstraumi.

Reykjavík, 20. febrúar 2024

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

SORPA bs.
Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri
Köllunarklettsvegur 1
104 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2024

Varðar: Erindi varðandi greiðslu aukins kostnaðar við meðhöndlun á blönduðum pappír

Úrvinnslusjóði barst minnisblað frá SORPU bs. dags. 20. febrúar 2024 varðandi aukinn kostnað við meðhöndlun pappírs, þar sem óskað var eftir greiðslu viðbótarkostnaðar við handflokun drykkjarumbúða.

Erindið var tekið fyrir á 357. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs þann 16. apríl sl. Stjórnin ákvað að hafna beiðninni að svo stöddu á þeim grundvelli að umrædd aukin vinnsla hafi ekki verið gerð að beiðni Úrvinnslusjóðs og ekki liggi fyrir hver umhverfislegur ávinningur af henni sé. Jafnframt var ákveðið að gerð yrði greining á úrvinnslu drykkjarferna og fleiri samsettra umbúða þar sem m.a. yrði metinn ávinningur af viðbótarvinnslu þeirra. Niðurstaða greiningarinnar verði grundvöllur að kröfum Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila sem svo endurspegli endurgjald fyrir vinnsluna.

Með kveðju,



Sandra Brá Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F151/2024

Reykjavík, 29. apríl 2024

Sorpa bs.
Köllunarklettsvegi 1
104 Reykjavík

Til umboðsmanns Alþingis leitaði nýlega nafngreindur maður með kvörtun þar sem kom fram að gjaldskrá Sorpu bs. fyrir meðhöndlun úrgangs hefði ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig kom þar fram það sjónarmið að ákvæði hennar viðvíkjandi raf- og rafeindatækjaúrgangi samrýmdist ekki fyrirmælum 1. mgr. 44. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, þar sem segir að söfnunarstöðvum beri að taka við slíkum úrgangi gjaldfrjálst. Umboðsmaður lauk athugun sinni á málinu með vísan til 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, þar sem skilyrði fyrir meðferð kvörtunarinnar voru ekki uppfyllt. Þau álitafni sem kvörtunin laut að hafa þó orðið umboðsmanni tilefni til frekari athugunar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997.

Í 23. gr. laga nr. 55/2003 er fjallað um gjaldtöku fyrir meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt 1. mgr. skal rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila, innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Í 4. mgr. segir m.a. að sveitarfélögum sé heimilt að fela stjórn byggðasamlags að ákvarða gjaldið. Sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag skuli láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá Sorpu bs. er birt á vefsíðu byggðasamlagsins, <https://www.sorpa.is/um-sorpu/verdiskra-sorpu/>. Þar er m.a. kveðið á um gjaldtöku fyrir meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs sem er umfram tvo rúmmetra. Hins vegar verður ekki séð að gjaldskráin hafi verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Með vísan til alls framangreinds er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að byggðasamlagið Sorpa upplýsi umboðsmann um hvort sú gjaldskrá sem samlagið starfar eftir og vísað er til hér að framan hafi verið birt í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Ef svo er ekki, er óskað nánari skýringa á því. Þá er óskað nánari upplýsinga um innheimtu Sorpu bs. á gjaldi fyrir meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs og skýringa á því hvernig hún samrýmist VII. kafla laga nr. 55/2003, einkum 1. mgr. 44. gr. þeirra.

Þess er óskað að svör Sorpu bs. berist umboðsmanni eigi síðar en 15. maí nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir
skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT

MINNISBLAÐ

Til: Framkvæmdastjóra SORPU bs.

Frá: LMG lögmenn slf.

Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður

Ari Karlsson lögmaður

Dagsetning: 4. október 2021

Efni: 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um skyldu til birtingar gjaldskrár í B-deild Stjórnartíðinda.

1. INNGANGUR

1. SORPA bs. (SORPA) hefur óskað eftir því við LMG lögmenn að tekið verði saman lögfræðialit um túlkun á ákvæði 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs (MÚL).
2. Nánar tiltekið er álitafni það sem svara óskast við hvort SORPU beri, þvert á áralanga framkvæmd, að birta gjaldskrá sína í B-deild stjórnartíðinda.
3. Umbeðið minnisblað fylgir hér á eftir.

2. SAMANDREGIN NIÐURSTAÐA

4. Niðurstaða þessa lögfræðialits er því sú að hefðbundinn lagaskilningur og framkvæmd standi til þess að SORPA þurfi ekki að birta gjaldskrá sína í B-deild Stjórnartíðinda að því marki sem aðildarsveitarfélög samsalgins hafa ekki framselt SORPU ákvörðunarvald um gjaldskrá skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003.
5. Sá fyrivari er þó á framangreindri niðurstöðu að undirrituðum er ekki kunnugt um að reynt hafi á þetta atriði fyrir dómstólum eða í úrskurðum stjórnvalda.

3. 4. MGR. 23. GR. LAGA NR. 55/2003 - EFNI ÁKVÆÐISINS OG SKÝRINGAR:

6. 23. gr. laga 55/2003 er svohljóðandi:

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs.

Rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila, skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstur viðkomandi förgunarstaðar. Þar sem

úrgangur er urðaður skal gjaldið einnig að svo miklu leyti sem unnt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, [sbr. 45. gr.], áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegu eftirliti í kjölfar lokunar í 30 ár. Ákvæði þetta gildir þó ekki um rekstraraðila sem aðeins annast förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað, [sbr. 3. mgr. 14. gr.]

[Sveitarfélög skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Jafnframt er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál.] Heimilt er að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorphlata og/eða þjónustustig.

Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara.

Sveitarfélögum er heimilt að fela stjórn byggðasamlags að ákvarða framangreint gjald. Sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið má innheimta með aðför.

7. Í greinargerð við frumvarp það sem varð að lögum 55/2003¹ segir um 11. gr. sem nú er 23. gr. laganna: „Í greininni er fjallað um gjaldtöku fyrir meðhöndlun úrgangs, annars vegar gjald sem rekstraraðila er skylt að innheimta og hins vegar gjaldtöku sveitarfélags vegna meðhöndlunar úrgangs en meðhöndlun úrgangs er mun viðtækari en förgun hans eins og fram kemur í skýringu hugtaksins í 3. gr. frumvarpsins. Skilið er á milli gjaldtöku sveitarfélaga og gjaldtöku rekstraraðila móttökustöðvar fyrir úrgang þar sem rekstraraðili móttökustöðvar kann að vera annar en viðkomandi sveitarfélag og þá sérstakur lögaðili, svo sem byggðasamlag eða einkaaðili... .. Sveitarfélögum er heimilt að hafa með sér samstarf um meðhöndlun úrgangsins, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga. Algengasta fyrirkomulag slíks samstarfs er byggðasamlagsform. Í slíkum tilfellum er gert ráð fyrir því að gjaldskrá sé sett af stjórn byggðasamlagsins og birt í B-deild Stjórnartíðinda“.
8. Seinni tíma breytingar á ákvæði núverandi 23. gr. laganna² hafa ekki haft áhrif á orðalag 4. mgr. þó að þær breytingar hafi rýmkað inntak þeirra gjalda sem sveitarfélögum er heimilt og skylt að innheimta vegna meðhöndlunar úrgangs skv. núverandi 2. mgr. 23. gr. laganna.
9. Í 23. gr. laga 55/2003 er því gert ráð fyrir tvennskonar innheimtu gjalda, annarsvegar innheimtu rekstraraðila förgunarstaðar, sbr. 1. mgr., og hinsvegar vegar innheimtu sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs á þess vegum, sbr. 2. mgr. Við framkvæmd laganna virðist hafa verði á því byggt að ákvæði 4. mgr. vísi eingöngu til þess síðarnefnda svo sem nánar verður vikið að í næsta kafla þessa álits.

¹ 128. löggjafarþing 2002–2003. Þskj. 368 — 338. mál.

² 143. löggjafarþingi 2013–2014. Þskj. 277 — 215. mál

4. FRAMKVÆMD ÁVÆÐIS 23. GR. LAGA 55/2003

10. Svo sem fram er komið hefur við framkvæmd 23. gr. laga 55/2003 verið á því byggt að 4. mgr. eigi við um gjöld sem sveitarfélög innheimta vegna meðhöndlunar á úrgangi.
11. Sá skilningur er eðlilegur þar sem um er að ræða lögboðið hlutverk sveitarfélaga sem þeim er óheimilt að framselja til annarra en byggðasamlaga sbr. og ákvæði 4. mgr. 23. gr. MÚL og ákvæði 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ólíkt því sem við á um flestar skyldur sveitarfélaga skv. lögum 55/2003, s.s. rekstur förgunarstaða, sem sveitarfélög geta falið einkaréttarlegum aðilum að framkvæma. Líta verður á ákvæð 4. mgr. sem heimildarákvæði í þessu samhengi enda varðar hún eiginlega framkvæmdavaldsathöfn.
12. Þrátt fyrir heimild 4. mgr. til handa sveitarfélögum til að framselja ákvörðun gjaldskrár skv. 2. mgr. 23. gr. laga 55/2003 er afar fátítt er að sveitarfélög nýti þann kost. Algengast er að sveitarfélög birti sjálf gjaldskrá vegna hvort tveggja gjalda vegna 1. og 2. mgr. 23. gr. laga 55/2003, sbr. t.d. gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit³ eða gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Blönduósbæ⁴. Í þeim fáu tilvikum sem sveitarfélög nýta sér undanþágu umræddrar 4. mgr. þá hefur viðkomandi gjaldskrá verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Til dæmis um þetta má vísa á gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallarsýslu bs.⁵ þar sem viðkomandi sveitarfélög hafa falið byggðarsamlaginu að setja gjaldskrá vegna allra skyldna sem á þau falla skv. lögum 55/2003. Eins og áður segir er þetta undantekning frá þeirri framkvæmd að sveitarfélög taki sjálf ákvarðanir um gjaldskrá skv. 2. mgr. 23. gr. laga 55/2003, líkt og t.d. öll aðildarsveitafélög SORPU bs., sbr. t.d. gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ⁶ og gjaldskrá fyrir sorphirðu í Hafnarfjarðarkaupstað⁷.
13. Tvö síðastnefndu dæmin sýna þá aðstöðu sem uppi er þegar sveitarfélög kjósa að framselja ekki til byggðasamlags ákvörðunarvald um gjaldskrá vegna sorphirðu skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 þó svo að aðrar skyldur sveitarfélaga skv. lögum 55/2003 séu lagðar í hendur ýmist einkaaðila eða byggðasamlagagsins SORPU bs. Gjaldskrárnar í þessum tilvikum birta einvörðungu upplýsingar um gjöld eins og þau snúa að gjaldendum án þess að með fylgi uppbrot á undirliggjandi kostnaði sem viðkomandi sveitarfélag greiðir þeim aðilum sem annast meðhöndlun og förgun fyrir þjónustu þeirra.
14. Á það álitamál hvernig flokka beri önnur verkefni sem ákvæði MÚL mæla fyrir um að séu á ábyrgð sveitarfélaga reyndi í dómi Hæstaréttar Hrd. 273/2015 (SORPA gegn Samkeppnisefirlitinu).
15. Í forsendum Hæstaréttar var því hafnað að starfsemi SORPU sem á reyndi í málinu fæli í sér beitingu stjórnsýsluvalds eða beitingu valdheimilda.
16. Enda þótt óumdeilt væri að SORPA sinnti þeim verkefnum sem ákvæði MÚL mæltu fyrir um að sveitarfélög bæru ábyrgð á því að væru starfrækt á grundvelli ákvæða MÚL var sú starfsemi

³ B-deild Stjórnartíðinda nr. 1543/2020

⁴ B-deild Stjórnartíðinda nr. 1529/2020

⁵ B-deild Stjórnartíðinda nr. 990/2021

⁶ B-deild Stjórnartíðinda nr. 1562/2020

⁷ B-deild Stjórnartíðinda nr. 1567/2020

(fyrirkomulag og framkvæmd á söfnun og meðhöndlun úrgangs og förgun hans þ.m.t. rekstur endurvinnslastöðva, og förgunarstaðar) talin vera atvinnurekstur í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005.

17. Sveitarfélög færu því ekki með einkarétt á þeirri starfsemi og hefðu svigrúm til að ákveða hvernig henni væri sinnt og með hvaða hætti.
18. Af framansögðu leiðir að sveitarfélög hafa svigrúm innan marka laga um það hvernig þau starfrækja (eða láta starfrækja) þau lögboðnu verkefni MÚL sem þau bera ábyrgð á og sem ekki teljast til framkvæmdarvaldsathafna sbr. það sem rakið er í tölul. 10 hér að framan.

5. SORPA BS. SINNIR ÞVÍ SEM JAFNA MÁ TIL EINKARÉTTARLEGS REKSTRAR

19. SORPA er í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og starfar sem slíkt samkvæmt heimild í 94. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
20. Nánar tiltekið er heimildarákvæði fyrir stofnun byggðasamlaga samkvæmt 1. mgr. 94. gr. sveitarstjórnarlaganna það að sveitarfélögum er heimilt að stofna byggðasamlög sem taka að sér framkvæmd afmarkaðra verkefna, svo sem rekstur skóla eða brunavarna.
21. Í skýringum við frumvarp það sem varð að núgildandi sveitarstjórnarlögum var sagt til skýringar að byggðasamlög gæti tekið að sér verkefni sem fela í sér vald til töku stjórnvaldsákvæðana, en ljóst væri að unnt væri að stofna byggðasamlög um mun fjölbreyttari verkefni.
22. Þá gæti byggðasamlag tekið að sér meira en eitt afmarkað verkefni en það leiddi af orðalagi 1. mgr. 94. gr. laganna. Í sömu skýringum er áréttað að byggðasamlag sé sjálfstæður lögaðili og sérstakt félagagögn. Á hinn bóginn væri ekki unnt að jafna byggðasamlögum við einkaréttarleg félög enda bæri að líta á þau sem stjórnvöld.
23. Með vísan til þessa er því ljóst að stjórnarsýsluleg staða SORPU er sú að SORPA telst vera *stjórnvald* sbr. og 6. mgr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga að byggðasamlög skuli lúta í starfsemi sinni - að undanskildum þeim sérreglum sem gilda um stjórn þeirra - almennum reglum sveitarstjórnarlaga. um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, fjármál, fjárhagsáætlanir og endurskoðun ársreikninga og stjórnarsýslueftirlit og þeim almennu reglum sem að öðru leyti gilda um störf sveitarfélaga og annarra stjórnvalda.
24. Staða SORPU er því sú að vera stjórnvald og teljast vera hluti framkvæmdavaldsins og til einföldunar gilda almennt sömu lögbundnu kröfur til reksturs og stjórnarsýslu SORPU og gilda um stjórnarsýslu sveitarfélaga.
25. Þrátt fyrir þessa stöðu SORPU leiðir af fyrrnefndum *Hrd. 273/2015* að verkefni SORPU þ.e. rekstur urðunarstaðar og móttöku- og söfnunarstöðva teljast ekki sem handhöfn opinbers valds heldur starfsemi sem jafna mætti til þess að stjórnvöld sinntu einkaréttarlegum rekstri.
26. Að því sögðu gilda ekki sömu takmarkanir varðandi rækslu þeirra verkefna SORPU líkt og þegar um handhöfn opinbers valds er að ræða, t.d. ákvörðun gjaldskrár skv. 2. mgr. 23. gr. laga 55/2003.

6. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

27. Af framangreindri umfjöllun leiðir að:

- a. 23. gr. laga nr. 55/2003 felur í sér fyrirmæli um tvennskoanr gjaldtöku, annarsvegar vegna rekstrar förgunarstaðar skv. 1. mgr. og hinsvegar vegna meðhöndlunar úrgangs skv. 2. mgr.
- b. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 felur í sér undanþágu til handa sveitarfélögum til þess að framselja þá framkvæmdavaldsathöfn að setja gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgagns skv. 2. mgr. nefndarar lagagreinar.
- c. Kjósi sveitarfélag að nýta sér undanþágu 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 til að fela byggðarsamlagi ákvörðun gjaldskrár skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 þá segir 4. mgr. lagagreinarinnar til um það að slík gjaldskrá skuli birt í B-deild Stjórnartíðinda.
- d. Flest sveitarfélög kjósa að nýta sér ekki undanþáguheimild 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 og taka því sjálf ákvörðun um gjaldskrá skv. 2. mgr. 23. gr. laganna og birta hana á eigin vegum í B-deild Stjórnartíðinda. Þegar svona háttar til er er gjaldskráin eins og hún er birt gjaldendum ekki brotin upp þannig að sjá megi kostnað sem greiddur er einstökum þjónustuaðilum sem sveitarfélagið kann að fela framkvæmda annara skyldna skv. lögnum, s.s. meðhöndlun og förgun úrgangs.
- e. Löng athugasemdalaus hefð er fyrir því að þjónustuaðilar sem starfa á einkaréttarlegum grunni eða má jafna til slíks sem sveitarfélög fela framkvæmd framkvæmd förgunar eða meðhöndlunar úrgangs birta ekki gjaldskrá sína í B-deild Stjórnartíðinda.

28. Niðurstaða þessa lögfræðiálits er því sú að hefðbundinn lagaskilningur og framkvæmd stendur til þess að SORPA þurfi ekki að birta gjaldskrá sína í B-deils Stjórnartíðinda að því marki sem aðildasveitarfélög samsalgsins hafa ekki framselt SORPU ákvörðunarvald um gjaldskrá skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003.

29. Sá fyrivari er þó á framangreindri niðurstöðu að undirrituðum er ekki kunnugt um að reynt hafi á þetta atriði fyrir dómstólum eða í úrskurðum stjórnvalda. Komi til þess að á þetta reyni með slíkum hætti kann sú staða að koma upp að viðkomandi dómstólar eða úrskurðaraðilar kjósi að túlka orðalag 23. gr. laga nr. 55/2003 með öðrum hætti en hér hefur verið gert. Slík afstaða mynd þá væntanlega byggja á hreinni orðskýringu frekar en langri athugasemdalausri framkvæmd, enda löggin óheppilega óskýr í fyrirmælum sínum.

Ari Karlsson, lögmaður

Haraldur F.T. Klein, lögmaður

Umhverfisstefna SORPU

Tilgangur og umfang

SORPA er ábyrgur og leiðandi þátttakandi í hringrásarhagkerfinu og leggur áherslu á að vernda umhverfið og nýta með sjálfbærum hætti þær auðlindir sem felast í úrgangi, samkvæmt forgangs röðuninni; endurnotkun, endurvinnsla og endurnýting. Þá leggur SORPA áherslu á að vinna gegn loftlagsbreytingum með því að koma eftir fremsta megni í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda eða annarra mengandi efna.

Umhverfisstefnan tekur til allrar starfsemi SORPU og starfsfólk jafnt sem verktakar skulu virða hana í öllum störfum sínum.

Áherslur stefnunnar eru:

Ábyrgur og öruggur farvegur fyrir úrgang

- Tryggja að viðskiptavinum fyrirtækisins sé ávallt kleift að losa sig við úrgang á umhverfsvænan hátt með hringrásarhagkerfi úrgangs í huga.
- Öll virðisikeða úrgangs sé þekkt og ábyrg afsetning efnisstrauma ávallt höfð að leiðarljósi.
- Tryggja að meðhöndlun úrgangs valdi ekki óþrifnaði eða ónæði og útrýma foki á starfsstöðvum.

Markviss stýring umhverfispáttá

- Setja skýr umhverfismarkmið fyrir mikilvægustu umhverfispætti í starfsemi SORPU.
- Vinna náíð með mikilvægustu hagsmunaaðilum umhverfismála SORPU.
- Endurskoða reglulega umhverfismarkmið út frá gildum, umhverfisstefnu og breytingum á starfsemi SORPU.
- Stýra umhverfispáttum starfseminnar á skilvirkan hátt út frá umhverfisvernd-, samfélagslegri ábyrgð og hringrásarhagkerfi.
- Uppfylla allar lagalegar kröfur sem lúta að umhverfismálum.

Leiðandi í sjálfbærri úrgangsstjórnun og vitundarvakningu

- Upplýsa samfélagið um mikilvægi úrgangsförvarna og nýtingu auðlinda í takt við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.
- Efla umhverfisvitund starfsfólks og verktaka með markvissri þjálfun og annarri vitundarvakningu.
- Gera stefnu þessa sýnilega og aðgengilega öllu starfsfólki og hagsmunaaðilum, kynna hana og endurskoða.
- Vinna að stöðugum umbótum umhverfismála út frá niðurstöðum mælinga og vöktunar.

Ábyrgð

Stjórn SORPU samþykkir og ber ábyrgð á þessari stefnu.

Umhverfis- og gæðastjóri ber ábyrgð á framkvæmd og framgangi stefnunnar innan SORPU.

Stjórnendur starfsstöðva og efnisstrauma bera ábyrgð á útfærslu stefnunnar og þeim markmiðum og mælingum sem eru viðeigandi til að ná henni fram.

Starfsfólk og verktakar eru ábyrgir fyrir að fylgja þeim reglum sem ætlað er að tryggja framkvæmd stefnunnar.

Stefna þessi var samþykkt til útgáfu af stjórn SORPU þann _____.

Gæðastefna SORPU

Tilgangur og umfang

Gæðastefnan tekur til allrar starfsemi SORPU, starfsfólks og verktaka og er ætlað að tryggja að starfsemi SORPU sé í samræmi við markmið og gildi fyrirtækisins.

SORPA er leiðandi og ábyrgur þátttakandi í hringrásarhagkerfinu og leggur áherslu á að vernda umhverfið, stuðla að aukinni sjálfbærni og aukinni nýtingu hráefna sem felast í úrgangi. Öll þjónusta og framleiðsla SORPU miðar að sjálfbærri úrgangsstjórnun. Jafnframt uppfyllir SORPA lög og reglugerðir sem snúa að umhverfis- og gæðamálum.

Áherslur stefnunnar eru:

Gæði vöru og þjónustu

- Hönnun og þróun framleiðslu og þjónustu SORPU miðar að þörfum hringrásarhagkerfisins og kröfum samfélagsins.
- SORPA stendur við skuldbindingar gagnvart viðskiptavinum sínum varðandi gæði framleiðslu og þjónustu.

Skilvirkir framleiðslu- og þjónustuferlar

- Framleiðslu- og þjónustuferlar eru lýsandi og stuðla að sjálfbærri úrgangsstjórnun.
- Virðisikeðja efnisstrauma sem SORPA vinnur með er grundvöllur að stöðugum umbótum og aukinni nýtingu innan hringrásarhagkerfisins.
- Lykilmælikvarðar um nýtingu efnisstrauma og þjónustustig eru settir fram. Brugðist er við frávikum frá þeim og þeir nýttir til að bæta gæði.

Ánægja viðskiptavina

- Vöktun og mælingar á ánægju viðskiptavina og hvernig SORPU tekst að koma til móts við þarfir þeirra eru framkvæmdar reglulega og brugðist við niðurstöðum til að bæta stöðugt gæðastjórnunarkerfið.
- SORPA stuðlar að aukinni þekkingu og vitundarvakningu viðskiptavina, starfsfólks, almennings og annarra hagaðila um mikilvægi sjálfbærrar úrgangsstjórnunar.

Ábyrgð

Stjórn SORPU samþykkir og ber ábyrgð á þessari stefnu.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd og framgangi stefnunnar innan SORPU.

Stjórnendur starfsstöðva og efnisstrauma bera ábyrgð á útfærslu stefnunnar og þeim markmiðum og mælingum sem eru viðeigandi til að ná henni fram.

Starfsfólk og verktakar eru ábyrgir fyrir að fylgja þeim reglum sem ætlað er að tryggja framkvæmd stefnunnar.

Stefna þessi var samþykkt til útgáfu af stjórn SORPU þann _____.